

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1334/2001 2002/EES/37/08**frá 2. júlí 2001****um bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni í fóðri(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2697/2000 ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita leyfi fyrir nýtt aukefni eftir að umsókn, sem gerð var í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar, hefur verið tekin til skoðunar.
- 2) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipuninni er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni ef skilyrðin í b- til e-lið 3. gr. a tilskipunarinnar eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum að efnið hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þegar það er notað í fóður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við tilskipunina, þar með eru taldir vaxtarhvatar.
- 3) Í aaa-lið 2. gr. tilskipunar 70/524/EBE er þess krafist að leyfi fyrir vaxtarhvata séu tengd þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á því að setja þá í dreifingu.
- 4) Matið á skjölunum sem lögð voru fram í tengslum við leyfi fyrir kalíumdíformat, sem tilheyrir flokknum „vaxtarhvatar“ sem lýst er í viðaukanum, sýnir að efnið uppfyllir framangreind skilyrði og því er heimilt að leyfa það til bráðabirgða til fjögurra ára.

5) Matið á skjölunum sýnir að ákveðnar aðgerðir geti verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn fyrir váhrifum af völdum efnisins. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.

6) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit að því er varðar öryggi vaxtarhvatans fyrir dýr, notendur, neytendur og umhverfið við þau skilyrði sem lýst er í viðaukanum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aukefnið sem tilheyrir flokknum „vaxtarhvatar“ sem skráð er í viðaukann við þessa reglugerð er leyft til bráðabirgða til notkunar sem aukefni í fóður samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 180, 3.7.2001, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 319, 16.12.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VÍÐAUKI

Skráningar-númer aukefnis	Nafn og skráningar-númer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptahætti)	Samsetning, efnamúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónnur ák-væði	Lok gildistíma leyfis
						innihald (milligrómm virks efnis á hvert kílógramm heilföðurs)	innihald		

Vaxtarhvatar

1	Norsk Hydro Ltd	Kalíumdíformat (Formi™ LHS)	Samsetning aukefnis: Kalíumdíformat, fast efni 98 g/100 g, Sílfkat 1,5 g/100g, Van 0,5 g/100 g Virkt efni: Kalíumdíformat, fast efni KH(COOH) ₂ CAS-númer 20642-05-1	Mjólkurgúsir	2 mánuðir	6 000	6 000	—	30.6.2005
				Eldissvín	—	6 000	6 000	—	30.6.2005